



Leiðbeiningar um viðbrögð í neyðartilvikum

3 Sprengjuhótun eða grunsamlegur hlutur

Leiðbeiningarnar eiga við áður en lögregla eða aðrir viðbragðsaðilar koma á staðinn. Eftir að lögregla kemur, skal hlýða fyrirsmælum hennar.

Mestar líkur eru á að sprengjuhótun berist símleiðis en einnig með skilaboðum sem hafa verið rituð einhvers staðar, með tölvupósti, munnlega í samtali eða með öðrum hætti. Hverja hótun ætti að meðhöndla í samræmi við þær aðstæður og það umhverfi sem er fyrir hendi hverju sinni. Lögreglan og stjórnendur skólastofnunar eru best til þess fallnir að meta trúverðugleika hótunar.

3.1 Almennar leiðbeiningar

- Halda ró sinni
- Hringja í neyðarlínuna 112 og óska eftir lögreglu. Láta stjórnendur skólans strax vita
- Hótun í gegnum síma:
 - Reyna að halda þeim sem hringir í símanum eins lengi og hægt er
 - Sýna kurteisi og halda samtalinu áfram
 - Reyna að láta þá sem eru umhverfis þig vita með einhverjum hætti svo þeir geti mögulega hlustað með þér eða látið stjórnendur vita
 - Skrifa hjá sér eins mikið af upplýsingum og hægt er, símanúmer, orðalag, lýsingu á rödd og hegðun – upplýsingar gætu hjálpað lögreglu. (Nota gátlista hér fyrir neðan ef mögulegt er)
 - Taka samtalið upp ef það er hægt
- Hótun sem berst munnlega í samtali:
 - Taka eftir hvert viðkomandi fór eftir að samtalinu lauk
 - Hringja í 112, lögregluna og upplýsa stjórnendur skólans
 - Reyna að skrifa hótunina niður eins og hún var sögð orðrétt
 - Taka eftir útliti og hegðun þess sem bar hótunina fram:
 - Nafn
 - Húðlitur
 - Kyn
 - Fatnaður (litur og merki)
 - Líkamsbygging
 - Augnlitur, hárlitur og hárvöxtur
 - Ef það er eitthvað sem sker sig úr við útlit
 - Rödd, raddblær, tungumálahreimur

- Rituð hótun:
 - Snerta, það sem ritað var á, eins lítið og hægt er
 - Hringja í 112, lögregluna og láta stjórnendur skólans vita
 - Endurskrifa hótunina á annað blað og skrá einnig:
 - Dagsetningu, tíma og staðsetningu þegar hótunin barst
 - Lýsa aðstæðum og staðsetningu þegar hótunin barst
 - Fullt nafn allra þeirra sem séð hafa hótunina
 - Hvorki skal eiga við það sem hótun var skrifuð á né hreyfa það úr stað
- Hótun með tölvupósti:
 - Halda viðkomandi tölvupósti opnum á tölvunni
 - Hringja í 112, lögregluna og láta stjórnendur skólans vita
 - Prenta út-, taka afrit af-, taka skjámynd eða ljósmynd af tölvupóstinum og skrá dagsetningu og tíma

Ekki miðla sögusögnum, óstaðfestum fregnum eða myndefni á samfélagsmiðlum eða annars staðar á internetinu.

Lögregla metur trúverðugleika hótunarinnar og ákveður hvort möguleg ógn sé til staðar. Verið reiðubúin að svara spurningum yfirvalda og fylgja þeim leiðbeiningum sem fást frá lögreglu og/eða stjórnendum skólastofnunar varðandi leit að hlutum í nærumhverfi, lokunum og rýmingu.

Ef grunsamlegur hlutur finnst:

Ef nemandi eða starfsmaður í skóla finnur eða sér hlut sem virðist grunsamlegur skal fylgja neðangreindum leiðbeiningum:

- Halda ró sinni
- Ekki snerta eða hreyfa við hlutnum
- Hringja í 112, lögregluna og láta stjórnendur skólans vita
- Útskýra af hverju hluturinn telst grunsamlegur
- Fara eftir þeim leiðbeiningum sem verða gefnar. Yfirvöld munu meta aðstæður og gefa fyrirmæli um hvað skuli gera næst
- Ef hætta er á ferðum skal fara í burtu og leita skjóls frá grunsamlegum hlut. Fjarlægð og skjól eru besta vörnin ef um sprengju er að ræða
- Fara skal gætilega, hættulegir hlutir gætu leynst annars staðar í námunda við þann sem þegar hefur fundist

Hvað er grunsamlegur hlutur?

Grunsamlegur hlutur getur verið hvaðeina sem talið er geta innihaldið sprengiefni, heimatilbúna sprengju eða önnur hættuleg efni. Hluturinn gæti til dæmis verið taska, böggull, kassi, bifreið eða annar hlutur sem vekur grunsemdir. Þannig hlut getur þurft að rannsaka nánar og meðhöndla af sprengjusérfræðingum. Grunsamlegar vísbendingar geta verið sprengjuhótanir, staðsetning hlutar og nálægð hlutar við fjölsóttu staði og mikilvæga innviði. Aðrar grunsamlegar vísbendingar geta til dæmis verið vírar eða torkennilegur rafeindabúnaður sem festur er við grunsamlegan hlut. Einnig torkennileg hljóð, lykt eða gufur sem berast frá grunsamlegum hlut.

Almennt séð, ef hlutur er augljóslega grunsamlegur og tilheyrir augljóslega ekki því umhverfi sem hann er í eða reynt hefur verið að fela hann, ætti hluturinn að teljast grunsamlegur.

3.2 Leiðbeiningar fyrir kennara og starfsfólk

Flestar sprengjuhótanir berast símleiðis. Sprengjuhótanir á að taka alvarlega. Bregðist fljótt við.

Trúverðugleiki sprengjuhótunar er metinn og í framhaldinu gætu yfirvöld ákveðið að framkvæma leit á þeim stað sem hótun beinist gegn og nærliggjandi svæðum. Í þannig leit er fyrst og fremst verið að leita að grunsamlegum hlutum. Þeir sem best eru til þess fallnir að leita eru þeir sem þekkja og starfa á því svæði sem hótun beinist gegn.

Leiðbeiningar fyrir leit að torkennilegum hlutum:

- Stjórnendur skipuleggja leitar svæði
- Virkja þá sem þekkja sín starfssvæði í leitina
- Skipuleggja leitar svæði og leitarhópa
- Framkvæma fyrst sjónleit á úthlutuðu leitar svæði
- Leita eftir hlutum sem augljóslega tilheyra ekki í því umhverfi sem þeir eru í
- Leita í hillum, skápum, ruslakörfum, á syllum, svölum, yfir fölskum loftum og undir fölskum gólfum
- Vera vakandi fyrir óvenjulegri lykt og hljóðum
- Ef eitthvað grunsamlegt finnst, biðja fólk um að fara frá og tilkynna fundinn til lögreglu og þeirra sem stjórna leitinni
- Forðast að nota síma og önnur fjarskiptatæki nálægt grunsamlegum hlut
- Gátlista vegna sprengjuhótunar væri hægt að setja inn á sérstakt vefsvæði fyrir starfsmenn og kennara.

GÁTLISTI VEGNA SPRENGJUHÓTUNAR

VERTU RÓLEGUR – VINGJARNLEGUR - HALTU SAMBANDINU, EKKI LEGGJA Á.

REYNDU AÐ VEKJA ATHYGLI SAMSTARFSFÓLKS Á MÁLINU TIL AÐ FÁ AÐSTOÐ VIÐ AÐ TILKYNNNA LÖGREGLU UM MÁLIÐ Á SAMA TÍMA.

Dags: _____

Kl: _____

A. Skráðu niður tilkynninguna eins orðrétt og mögulegt er:

B. Spurðu spurninga til að reyna að staðreyna hvort hótunin sé trúverðug eður ei. Biddu viðkomandi að endurtaka ef mögulegt er.

Dæmi um spurningar:

Hvar er sprengjan? _____

Hvenær springur hún? _____

Hvernig lítur hún út? _____

Hvernig sprengiefni er notað? _____

Hversu mikið sprengiefni? _____

Hvers vegna gerir þú þetta? _____

Hver ertu? (nafn, heimili) _____

C. Svaraðu eftirfarandi spurningum og merktu við viðeigandi reiti.

Röddin er : ____ sterk ____ óskýr ____ veik ____ mjúk ____ dimm ____ skær

Málfar er: ____ virðulegt ____ hægt ____ stamandi ____ hraðmælt ____ kurteist ____ slangur ____ þvoglumælt

Tungumál: ____ íslenska ____ útlenska Hvaða land? _____

Framburður: _____

Framkoma: ____ æstur ____ ölvaður ____ rólegur ____ ákveðinn ____ taugaveiklaður ____ hlæjandi ____ reiður ____ fáránlegur

Bakgrunnshljóð: ____ vélarhljóð ____ umferðarniður ____ vélritunarhljóð ____ raddir ____ tónlist ____ flugvélahljóð

____ samkvæmiskliður ____ hvísl ____ pískur ____ þögn ____ annað _____

D.

Nafn þitt: _____ Dagsetning: _____ Tími: _____

Kyn þess sem hringdi: _____ Aldur: _____

Fannst þér koma fram í samtalinu að viðkomandi væri kunnugur flugvélum eða byggingum sem hótunin beinist gegn? _____

Gátlista þennan skal fylla út og koma honum strax til lögreglu !

3.3 Leiðbeiningar fyrir neyðarstjórn skólastofnunar

- Hafa samráð við lögreglu og aðra viðbragðsaðila til að tryggja rétt og skipulögð viðbrögð við sprengjuhótun eða ef grunsamlegur hlutur finnst
- Virkja neyðarstjórn skólans
- Meta trúverðugleika hótunar í samráði við lögreglu
- Upplýsa viðbragðsaðila um söfnunarsvæði fyrir nemendur og starfsfólk (SSP (söfnunarsvæði þolenda))
- Hefta aðgang að stað sem hótun beinist gegn, ef það er hægt
- Tryggja gögn úr eftirlitsmyndavélum (ef til staðar)
- Virkja leitarSKIPULAG og leitarTEYMI ef talin er þörf á að leita eftir grunsamlegum hlut eða hlutum:
 - Upplýsa starfsfólk skólans um ástandið og virkja það í að framkvæma sjónleit á starfssvæðum sínum
 - Reyna eins og hægt er að fá yfirsýn yfir starfsfólk, hvar það er og hvaða verkefnum það er að sinna
 - Skipuleggja starfsfólk í leitar- eða rýmingarteymi
- Senda viðeigandi tilkynningar til nemenda og starfsfólks um rýmingar og lokanir í samráði við lögreglu
- Vera viðbúin því að vera í samskiptum við fjölmiðla, hafa samráð við lögreglu varðandi upplýsingagjöf til fjölmiðla
- Upplýsa aðstandendur með skilaboðum (SMS eða tölvupósti)